

Hópuppsagnir í desember 2019 og á árinu 2019

Hópuppsagnir í desember 2019


Engar tilkynningar um hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun í desember 2019.

Tilkynningar á árinu 2019

Á árinu 2019 barst Vinnumálastofnun 21 tilkynning um hópuppsögn, þar sem 1.046 manns var sagt upp störfum. Flestir hafa misst vinnuna í flutningum, 540 eða tæp 52% allra hópuppsagna, í byggingariðnaði 104, eða um 10% og 102 í fjármála – og váttryggingastarfsemi eða tæp 10%.

Mynd 1


Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2019



Um 53% tilkynntra hópuppsagna á árinu 2019 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 37% á Suðurnesjum, um 4% á Vesturlandi, um 3,5% á Suðurlandi og um 2,4% á Norðurlandi eystra.


Mynd 2 sýnir skiptingu tilkynntra hópuppsagna á landshluta.

Mynd 2
Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2019



Á mynd 3 má sjá að 819 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2019 komu til framkvæmda á því ári en 227 hópuppsagnanna á árinu 2019 koma til framkvæmda á árinu 2020.

Mynd 3
Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2019 koma til framkvæmda



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2019 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2019 bárust


	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	97	9,3%	3	14,3%
feb	0	0	0	0
mars	473	45,2%	6	28,6%
apríl	0	0	0	0
maí	53	5,0%	2	9,5%
júní	0	0	0	0
júlí	0	0	0	0
ágúst	84	8,0%	3	14,3%
sept.	234	22,4%	3	14,3%
okt.	55	5,3%	2	9,5%
nóv.	50	4,8%	2	9,5%
des.	0	0	0	0
<i>Alls</i>	<i>1.046</i>	<i>100%</i>	<i>21</i>	<i>100%</i>

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2019

Alls komu 1.364 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2019, 545 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2018 og 819 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2019. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2019.

Mynd 4

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2019 úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2018 og á árinu 2019



Hópuppsagnir síðustu ár

Samtals hefur 12.560 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á 12 árum. Flestir misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir. Alls voru Hópuppsagnir á árinu 2019 eins og áður sagði 1.046 og hafa ekki verið fleiri síðan 2009 en þá var fjöldi hópuppsagna 1.780.

Mynd 5 sýnir þróun fjölda tilkynntra hópuppsagna árin 2008 til 2019.

Mynd 5
Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2019

